

Að draga út mismunandi lista í Gegni

18. janúar 2023



Hægt er að draga út margskonar lista úr kerfinu og vista sem Excel skjal. Það þarf að vera með augun opin fyrir tákni af blaði með ör sem vísar til hægri. En þegar þetta tákn er til staðar er hægt að draga út lista af því sem er á skjánum og vista sem excel skjal.

Þegar smellt er á takkann koma oftast upp möguleikarnir „Excel (núverandi yfirlit)“ og „Excel (allir reitir)“. Núverandi yfirlit þýðir að skjal verður dregið út með öllum upplýsingum sem koma fram á síðunni, þ.e.a.s með öllum reitum sem hafa verið valdir í tannhjólínu. Allir reitir þýðir að skjal verður dregið út með öllum mögulegum reitum sem hægt er að velja í tannhjólínu.

Að geta dregið út lista getur hentað á mörgum mismunandi stöðum í kerfinu, til að mynda er hægt að prenta lista yfir leit sem hefur verið framkvæmd, bækur í frátektahillu og útlán og skil lánþega. Hér er dæmi um hvernig skal prenta út lista yfir bækur sem lánþegi er með í láni.

Til þess að prenta út lista yfir útlán lánþega þarftu að leita að lánþeganum í „Umsjón með lánþegaþjónustu“. Það þarf að passa að vera með valið „öll útlán“ en ekki bara „útlán í þessari lotu“ til þess að sjá heildarlista af því sem lánþeginn er með í láni.

Útlánaskjár: Öll útlán	
	Titill
1	<input type="checkbox"/> Þín eigin saga. 7, Rauðhetta / Ævar Þór Benediktsson ; Evana Kísa myndlýsti.
2	<input type="checkbox"/> Judy Moody bjargar heiminum / Megan McDonald ; teikningar eftir Peter H. Reynolds ; [íslensk þýðing Guðni Kolbeinsson].
3	<input type="checkbox"/> Fróði sóði : bók 4 / höfundur & myndskreytir David Roberts ; texti Alan MacDonald ; þýðing Nína Ólafsdóttir.

Þá er hægt að smella á táknið sem sýnir blað með ör til hægri og velja hvort eigi að vista skjal með núverandi útliti eða alla reiti.

Endurnýja valdar færslur

Endurnýja allt

Breyta skiladegi



Útlánsdagur	Staða útláns	Reglur eintaks	Bókasafn	Athugasemdir með útláni
-------------	--------------	----------------	----------	-------------------------

Athugið hægt er að stilla hvaða reitir eru sýnilegir með því að smella á tannhjólíð, velja viðeigandi reiti og smella á Lokið.